



Vefvarp Blindrafélagsins

Hljóðvarp í gegnum internetið

Grunnleiðbeiningar um notkun

Fyrir breiðband og þráðlausar nettengingar



Mikilvægar notkunarleiðbeiningar


- Hyljið aldrei Vefvarpið að ofan eða aftan.
- Notið einungis rafmagnssnúruna sem fylgir Vefvarpinu til að tengja það við rafmagn.
- Gætið þess að Vefvarpið sé á þurrum stað; það má ekki komast í snertingu við bleytu.
- Ef Vefvarpið er fært úr köldum stað á hlýjan, bíðið með að nota það í u.þ.b. tvo tíma, ef raki skyldi leynast inni í tækinu.

Aðrar upplýsingar

- Þegar slökkt er á Vefvarpinu með því að ýta á kveikt/slökkt rofann fer lágmarksorka í að halda tækinu í biðstöðu (þá er hægt að kveikja á Vefvarpinu með því að nota fjarstýringuna). Takið rafmagnsklóna úr sambandi til að slökkva algjörlega á Vefvarpinu.

Almennt

| Í Vefvarps-kassanum er eftirfarandi:



Yfirlitsmynd af framhlið Vefvarpsins

Myndin hér að neðan veitir yfirsýn yfir mismunandi rofa, ljós og skjá. Notkun hvers og eins rofa er útskýrð annars staðar í bæklingnum.




Yfirlitsmynd af bakhlið Vefvarpsins

Myndin hér fyrir neðan sýnir mismunandi innstungur og raufar aftan á Vefvarpinu.



Fjarstýring



Að tengja Vefvarpið

Það eru þrjár leiðir til að tengja Vefvarpið við netið.

1. Tengjið við breiðbandsbeini sem er í sambandi við símalínu.
2. Tengjið við kapaltengdan breiðbandsbeini.
3. Tengjið við þráðlaust net.

Í fyrstu tveim leiðunum er internetskapallinn notaður (lítur út alveg eins og stór símasnúra með símatengingu).

Tengið annan endann við beininn (hann passar í eina af fjórum innstungum aftan á beininum) eða tengið við internetstengið á mótaldinu og hinn endann við internetstengingu aftan á Vefvarpinu.

Þegar þið kveikið á Vefvarpinu gefur stutt laglína til kynna að búið sé að kveikja. Næst heyrir lengri laglína á meðan Vefvarpið tengist netþjóni. Þegar Vefvarpið hefur tengst heyrir þið hljóðkynninguna.

Ef um kapaltengingu er að ræða ætti að tengja Vefvarpið við beini, sem er tengdur beint við kapaltengt mótald. Nota skal internetssnúruna sem fylgir með tækinu. Ef beinir er ekki til staðar þarf að óska eftir honum frá síma-/internetsfyrirtækinu.

Vegna þess að internetsfyrirtæki skrá vélbúnaðinn á tengda tækinu verður að slökkva á mótaldinu áður en Vefvarpið er tengt við beininn. Eftir að þið hafið tengt Vefvarpið við beininn kveikið þið aftur á mótaldinu, síðan á beininum og loks á Vefvarpinu. Sýnið þolinmæði þar sem þetta getur tekið þónokkrar mínútur. Þegar búið er að skrá vélbúnað Vefvarsins í kerfi internetsfyrirtækisins ætti tengingin að virka.

Að setja upp þráðlausa tengingu

Athugið: Áður en þið hefjist handa er nauðsynlegt að hafa SSID við höndina (þetta er skráningareinkenni eða kerfishæiti beinisins) og lykilorð, líka þekkt sem WPA- eða WEP-lykill, ef það hefur verið valið. Ef þið hafið ekki þessar upplýsingar ætti upphringing í birginn að duga til fá þær.

Setjið Vefvarpið í samband við rafmagn með meðfylgjandi rafmagnssnúru.

Þrýstið á og haldið niðri valrofanum (OK) og kveikið á tækinu. Sleppið báðum rofunum þegar þið heyrið fyrsta tóninn og bíðið. Eftir um það bil 10 sekúndur heyrir laglína og talgervillinn fer í gang, hann kynnir aðalvalmynd með þrjá valkosti. Annar valkosturinn kynnir uppbyggingarvalmynd. Þrýstið á valrofann (OK) þegar þangað er komið.

Í uppbyggingarvalmynd eru þrír valkostir. Í þetta sinn þurfið þið að ýta á gula upp-rofann tvisvar ef þið eruð með þráðlaust netsamband. Ýtið svo á valrofann til að komast inn í valmyndina þráðlaust netsamband. Þar eru tveir valkostir. Ýtið á upp-örina einu sinni til að velja handstýrða leit og ýtið á valrofann (OK). Þá kemur tilkynning um „leit að aðgengilegum netkerfum“ og í lokin kemur tilkynning um að velja netkerfi. Ýtið á gula upp-rofann til að heyra hvaða kerfi er um að velja. Vefvarpið les upp nöfn netkerfanna og þegar þið heyrið rétt netkerfisnafn (SSID) ýtið þið á „valrofann.“ Tilkynning heyrir um að þið hafið valið kerfið og síðan er beðið um lykilorð (þráðlausa netsins).

Nú birtist bendill og þið setjið inn lykilorðið. Nýja Vefvarpið les hvern bókstaf, til dæmis „lítið a“, „stórt A“ eða tölustaf. Til að fara upp og niður stafróf og talnaröð er hljóðstyrkstakkanum snúið ýmist réttisælis eða rangsælis. Fyrst eru lesnir litlir stafir a-ö, næst stórir stafir A-Ö, þar á eftir tölustafirnir 0-9. Þegar komið er að réttum staf ýtið þið á „valrofanni“ og þá heyrir tilkynning, t.d. „lítið a hefur verið valið“. Eftir að þið hafið valið síðasta stafinn snúið þið hljóðstyrkstakkanum réttisælis þar til tilkynningin „lokið“ heyrir. Ýtið á valrofann (OK), tækið les lykilorðið upp og staðfestir að það hafi verið slegið inn.

Það eina sem nú þarf að gera er að slökkva á tækinu og kveikja síðan á því aftur.

Hvernig rofarnir á Vefvarpinu virka

Staðsetning:

Neðst hægra megin: Kveikt/slökkt rofi.

Til að kveikja og slökkva á Vefvarpinu.

Neðst fyrir miðju: Afturábakrofi.

Til að fara eitt skref afturábak.

Neðst vinstra megin: Valrofi (OK).

Til að staðfesta valkost.

Efst vinstra megin: Fletta áfram.

Notið rofann þegar þið eruð búin að kynna ykkur spilunarlistann betur, til að komast hratt áfram í gegnum valmyndina.

Miðja vinstra megin: Fletta afturábak.

Notið eins og næsta rofa á undan, til að fara hratt afturábak í gegnum valmyndina.

Fyrir miðju: Hljóðstyrkur/pása/bókmerkingar.

Þessi rofi gegnir þrenns konar hlutverki:

1. Að stilla hljóðstyrk.
2. Að þagga niður í tækinu (ýtið á rofann og sleppið, ýtið aftur á rofann til að kveikja á hljóðinu aftur).
3. Að merkja við uppáhaldsatriði (ýtið niður og haldið rofanum inni í fimm sekúndur til að merkja). Merki verður þá til taks í „Bókmerkti listinn minn“.

Hvernig fjarstýringin virkar.

Fjarstýringin líkir nákvæmlega eftir virkni rofanna á Vefvarpinu. Það eru þó þrjár undantekningar, á miðjurofunum.

Þrjár rofar eru í láréttri röð á miðri fjarstýringunni. Frá vinstri til hægri virka þeir sem hér segir:

UPPLÝSINGAR: Þegar ýtt er á þennan rofa heyrast upplýsingar um hvar notandinn er í kerfinu, hversu marga valkosti hann hefur og hvaða stöð hann er með í gangi. (Til dæmis: Útvarpsstöðvar/ 50 möguleikar/ BBC útvarpsstöð 4.)

BIÐSTAÐA: Þegar ýtt er á rofann hljómar tilkynning um að notandinn hafi hálf tíma þar til slokknar á tækinu og það fer í viðbragðsstöðu.

BÓKMERKING/UPPÁHALDS: Þessi rofi er notaður til að merkja greinar eða annað efni og setja á listann „Bókmerkti listinn minn“. Rofinn virkar líka til að bókmerkja útvarpsstöðvar.

Rofana til að breyta texta í talað mál og stilla hraða og hljóm er hægt að finna í samhengi við aðra takka á Vefvarpinu, svo það er auðveldara að nota takkana á fjarstýringunni til að framkvæma þessar skipanir.

Útvarpsstöðvar

Um það bil 4500 útvarpsstöðvar eru í boði um allan heim, flestar þeirra eru á netinu og hægt að hlusta á þær í Vefvarpinu.

Hafið samband við Blindrafélagið ef þið viljið fjölga útvarpsstöðvum í Vefvarpinu ykkar.

Að nota Vefvarpið

Ýtið á kveikt/slökkt rofann til að byrja. Vefvarpið tengist internetinu og byrjar að leita að netþjóni. Tækið tilkynnir þetta með hljóðmerkjum. Þegar tækið er búið að tengjast hefst töluð kynning, notandinn er beðinn að þrýsta á valrofan (OK) og velja milli nokkurra þátta.

Spilunarlistinn er leikinn. Röðin er:

1. Skilaboð

- Vanalega ekki virkjuð, eru aðeins virkjuð til að koma upplýsingum á framfæri.

2. Efni frá Blindrafélaginu.

3. Efni frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

4. Blindrabókasafnið og hljóðbækur.

5. Dagblöð og tímarit.

- Hægt er að láta talgervilinn lesa dagblöð og tímarit hvers dags inn á Vefvarpið.

6. Útvarpsstöðvar og hlaðvarp.

7. Textalestur sjónvarpsstöðva.

8. Upplýsingar.

- Nytsamlegar upplýsingar fyrir Vefvarpið.

9. Bókmerkin mín/Uppáhalds.

- Listi með allt að 10 bókmerkjum sem notandinn setur á Vefvarpið. (Þeim er ekki hægt að eyða, en ný bókmerki fara yfir gömul.)

Tímahliðrun

Meðan notandinn hlustar er hægt að spóla áfram eða afturábak gegnum prógrammið.
Til að nota þennan möguleika

1. Ýtið snöggvast á hljóðstyrksrofann til að stoppa Vefvarpið.
2. Snúið rofanum réttisælis til að fara hratt áfram í gegnum prógrammið, eða rangsælis til að fara hratt afturábak. Hver smellur í rofanum táknar 10 sekúndur.
3. Ýtið snöggst aftur á rofann til að halda áfram að hlusta.

Athugið: Þetta virkar hvorki á útvarpsstöðvar í beinni útsendingu né við hlustun á upplasin dagblöð og tímarit.

USB-lyklar og SD-minniskort

Stingið USB-lyklum og SD minniskortum í þá rauf eða innstungu sem passar. Athugið að SD-minniskorti þarf að þrýsta alla leið inn í raufina þar til það smellur á sinn stað.

Kveikið á tækinu, þá heyrir fyrsta laglínán og eftir 10 sekúndur lengri laglínán. Vefvarpið fer sjálfkrafa beint í aðalvalmynd þegar SD-minniskort eða USB-lyklar eru notuð.

Tækið tilkynnir aðalvalmynd og þar næst „x“ fjölda liða (fjöldi liða fer eftir því hvort notandi hefur stungið inn einum eða tveimur USB-lyklum eða SD-minniskorti). Veljið það sem við á og tækið les upp valkostina. Veljið og Vefvarpið byrjar að spila.

Til að komast í spilunarlistann þarf að slökkva á tækinu, fjarlægja USB-lykilinn eða minniskortið og kveikja aftur á tækinu. Vefvarpið tilkynnir þá venjulega valmynd.

Að bókmerkja og breyta stillingum meðan hlustað er

Ýtið á hljóðstyrksrofann á meðan þið eruð að hlusta á Vefvarpið. Tækið fer þá í biðstöðu og tilkynnir að það hafi stoppað.

Notið upp/niður rofana til að velja eftirfarandi af valmynd:

- Halda áfram að hlusta á upptöku
- Upplýsingar (segja frá útvarpsstöðinni (nafn, titill lags, stærð hljóðskjalsins o.s.frv.)
- Hraði (þið getið stjórnað hraða talgervilsins og tilbúins efnis)
- Tónn (breytir tónhæð þess sem þið eruð að hlusta á)
- Sveftímastillir (upp og niður (10 mínútur til tveggja klukkutíma)
- Staða tækis
 - Bæta við þráðlausu kerfi
 - Þráðlaust kerfi valið handvirkt
 - Bæta WPS-kerfi við – ATHUGASEMD 2

- Flýttivalmynd (BÓKMERKINGAR)
 - Fjöldi flýttiskipana (bókmerkinga) sýndur (10, 20, 30, 40 eða 50)
 - Hefja spilun þar sem frá var horfið (kveikt eða slökkt). Ef kveikt er valið byrjar útvarpið aftur á þeim stað sem frá var horfið síðast.
- Flóknari valmynd
 - Kapalnettenging (tæknilegar upplýsingar um kapalnetsgáttina)
 - Þráðlaust (tæknilegar upplýsingar um þráðlausa tengingu (einungis fyrir lengra komna))
 - Stærð (e. buffer size) „biðminnis“ (stillt á hratt, eðlilegt eða öruggt)
 - Endurræsing (endurræsir Vefvarpið)
 - Slökkt (slekkur á Vefvarpinu)
- Valmynd um stöðu tækis
 - Yfirlit upplýsinga (sýnir stöðu tengingar)
 - Kapalnettenging (upplýsingar um kapalnetsgátt)
 - Þráðlaust netkerfi (sýnir stöðu þráðlauss nets)
 - Skráningarnúmer (sýnir skráningarnúmer ykkar)
 - Tíminn (segir ykkur hvað klukkan er)
 - Hugbúnaðartegund (sýnir tegund hugbúnaðar)
 - Stýrikerfi (sýnir tegund stýrikerfis)
 - Talgervill (segir ykkur allt um talgervilsröddina)

ATHUGASEMDIR:

1. Bókmerkingar eru nú sjálfvirkar (eftir 15 sekúndna spilun – þær eru skráðar í stafrófsröð) með því að nota afturábakrofann eða með því að slökka á tækinu.
2. **WPS** – Sumir nýrri beinar styðja þetta kerfi, (leitið að WPS-rofa á beininum). Þegar þessi aðgerð hefur verið valin á Vefvarpinu verður að ýta á WPS-takkann á beininum. Þráðlausa tengingin verður sjálfvirk án þess að lykilorðið sé skráð.